

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Gullbringusýslu nr. 231 6. október 1964.

*Samgönguráðuneytið, 15. september 1978.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

25. september 1978.

Nr. 342.

## AUGLÝSING

um breytingu á flugreglum, sbr. auglýsingu nr. 415 11. september 1975.

Vegna breytingar nr. 21 á viðbæti nr. 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 2, "Rules of the Air"), eru hér með gerðar breytingar á flugreglum, samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, og birtar voru sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 415 11. september 1975 um setningu flugreglna.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og taka þær gildi þegar í stað.

*Samgönguráðuneytið, 25. september 1978.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

### Fylgiskjal.

#### Breyting á flugreglum.

##### 1. gr.

Í 1. kafla — ORÐASKÝRINGAR — breytast, bætast við eða falla niður eftirfarandi hugtök sem hér segir:

**Fluglag** (Flight level). Flötur með jöfnum loftþrýstingi, sem miðaður er við ákveðið loftþrýstimið, 1013,2 millibör, og aðgreindur er frá öðrum slíkum flötum af tilteknum loftþrýstingsmun.

Ath. 1 Þrýstingshæðarmælir, sem kvarðaður er samkvæmt ICAO-reglum um staðlaðan lofthjúp:

- a) sýnir flughæð þegar hann er stilltur á QNH,
- b) sýnir hæð yfir QFE viðmiðun þegar hann er stilltur á QFE,
- c) sýnir fluglag, þegar hann er stilltur á 1013,2 millibör.

Ath. 2 Hugtökin „hæð“ og „flughæð“, sem tilgreind eru í ath. 1 hér að ofan, fela í sér stöðu hæðarmælis fremur en raunverulegar hæðir.

**Stöðumið** (Reporting point). Tilkænt staður á jörðu sem loftfar getur miðað við er það tilkynnir stöðu sína.

**Skiptihæð** (Transition altitude). Hæsta flughæð þar sem miða skal lóðréttu stöðu loftfars við flughæð.

**Skiptistaður** (Change-over point). Sá staður, er loftfari á hluta ATS-leiðar, sem ákveðin er af fjölstefnuvitum (VOR), er ætlað að skipta flugleiðsöguviðtöku frá VOR-stöðinni fyrir aftan það á VOR-stöðina framundan.

Ath. Skiptistaðir eru ákveðnir með hliðsjón af heppilegasta vægi styrks og gæða merkjasendinga viðkomandi stöðva til að tryggja að öll loftför á flugi á sama hluta flugleiðar notist við leiðsögu sömu stöðvar.

## 2. gr.

Í 3. kafla — ALMENNAR REGLUR — verður grein 3.1.3 sem hér segir:

### 3.1.3 Farflugslæg

Farflugslæg, sem flogið skal í á tilteknu flugi eða hluta þess, skulu miðuð við:

- a) fluglæg, fyrir flug í eða ofar lægsta nothæfa fluglagi eða, þegar við á, ofar skiptihæðar.
- b) flughæðir, fyrir flug fyrir neðan lægsta nothæft fluglag eða, þegar við á, í eða neðan skiptihæðar.

Ath. Farfluglagakerfið er nánar útskýrt í “Procedures for Air Navigation Services — Aircraft Operations (ICAO Doc. 8168-OPS/611)”.

Í grein 3.2.5.1 breytist fyrri athugasemdin þannig:

Ath. 1 — Sjá einnig 3.6 5.1.

Grein 3.3.1.2. Efni flugáætlunar, breytist sákv. eftirfarandi:

3.3.1.2.1 Flugáætlun skal geyma upplýsingar um þau eftirfarandi atriði, sem hlutaðeigandi ATS-stjórnvald telur skipta máli:

- kallmerki loftfarsins
- flugreglur (IFR eða VFR) og tegund flugs
- fjöldi og tegund loftfara auk hvirfilflokks (wake turbulence category)
- búnað
- brottfararstað (sjá ath. 1)
- brottfarartíma (sjá ath. 2)
- o. s. frv.

Grein 3.3.1.3.2. Gerð flugáætlunar, breytist þannig:

3.3.1.3.2 Þegar flugáætlun er lögð fram skal hún að auki geyma upplýsingar um öll önnur viðeigandi atriði þegar hlutaðeigandi ATS-stjórnvald svo ákveður, eða þegar þeim sem leggur fram flugáætlunina þykir slíkt nauðsynlegt.

Í grein 3.3.1.4. Breytingar á flugáætlun, breytist 3.5.2.2 í 3.6.2.2 í annarri línu greinar 3.3.1.4.1.

Á eftir grein 3.6 2.1 koma þrjár nýjar greinar:

3.6.2.1.1 Ef ekki er annað heimilað, eða lagt fyrir af viðkomandi flugstjórnardeild, skulu stjórnunð flug, að svo miklu leyti sem við verður komið:

- a) fljúga eftir skilgreindri miðlínu leiðarinnar þegar flogið er á ákveðinni ATS-leið; eða
- b) fljúga beint á milli flugleiðsögustöðva og/eða staða sem ákvarða leiðina þegar flogið er á öðrum leiðum.

3.6.2.1.2 Svo framarlega sem kröfur greinar 3.6.2.1.1 eiga ekki við, skal loftfar á hluta ATS-leiðar, sem ákveðin er af fjölstefnuvitum (VOR), skipta flugleiðsöguviðtöku frá VOR-stöðinni fyrir aftan það á VOR-stöðina framundan, við eða sem næst skiptistaðnum, ef hann er tilgreindur.

3.6.2.1.3 Tilkynna skal hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild frávik frá þeim kröfum, sem birtar eru í gr. 3.6.2.1.1.

**3. gr.**

Í kafla 4 — SJÓNFLUGSREGLUR — verða eftirfarandi breytingar:

Grein 4.6 byrji þannig: Við sjónflug skal fylgja fyrirmælum 3.6:

Grein 4.7 endi þannig: Ath. — Sjá athugasemdir sem fylgja 3.3.1.1.2.1 c) og 3.6.5.1.

**4. gr.**

Í kafla 5 — BLINDFLUGSREGLUR — verða breytingar í eftirfarandi greinum:

Í grein 5.2.1 breytast 3.5 í 3.6.

Í grein 5.3.2 breytist 3.5.5.1 í 3.6.5.1.

Í grein 5.3.3 breytist 3.5.3 í 3.6.3 og 3.5 í 3.6.

**5. gr.**

Í VIÐAUKA A — MERKI, breytist athugasemd í kafla 2.1 „MERKI EINELTI-LOFTFARS OG VIÐBRÖGÐ EINELTS LOFTFARS“, „viðbrögð einelts loftfars“ þannig:

Ath. Um viðbótaraðgerðir hins einelta loftfars er mælt fyrir í 3. kafla, 3.8.

**REGLUGERÐ****um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.****1. gr.**

Hlutverk Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.

Lögheimili Verðjöfnunarsjóðs og varnarþing er í Reykjavík.

**2. gr.**

Verðjöfnunarsjóður skiptist eftir tegundum afurða í eftirgreindar deildir, er hafa aðskilinn fjárhag:

1. Deild fyrir frystar fiskafurðir, þar með taldar frystar sjávarafurðir skeldýra og krabbadýra.
2. Deild fyrir saltfiskafurðir.
3. Deild fyrir afurðir sildar- og fiskimjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).
4. Deild fyrir skreiðarafurðir.
5. Deild fyrir saltsildarafurðir.

**3. gr.**

Ráðherra skipar stjórn Verðjöfnunarsjóðs til fjögurra ára í senn á þann hátt, sem hér segir:

Fimm stjórnarmenn sitja í stjórn allra deilda Verðjöfnunarsjóðs, þar af skulu þrír stjórnarmanna skipaðir án tilnefningar, einn maður samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands og einn maður eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Ráðherra skipar tvo menn í stjórn hverrar deildar eftir tilnefningu hagsmunasamtaka í þeirri grein fiskiðnaðarins, sem í hlut á. Taka þeir sæti í stjórninni, þegar fjallað er um málefni deildarinnar, svo sem við ákvörðun um verðgrundvöll. Þeir skulu tilnefndir þannig: